



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

# FARSÓTTAFRÉTTIR

2. árg. 10. tölublað. Október 2006.

## EFNI:

Breyting á  
bólusetningum  
frá 1. janúar  
2007 **bls.**  
**1**

Neyðarbirgða-  
hald á hlífðar-  
búnaði **bls.**  
**2**

### Ritstjórn

Haraldur Briem  
sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Sigurlaug Hauksdóttir  
Þórolfur Guðnason

### Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1920

Netfang: [mottaka@landlaeknir.is](mailto:mottaka@landlaeknir.is)  
Veffang: [www.landlaeknir.is](http://www.landlaeknir.is)

Heimilt er að nota efni þessa  
fréttabréfs, sé heimildar getið.

## BREYTING Á ALMENNUM BÓLUSETNINGUM FRÁ 1. JANÚAR 2007

Útboð bóluefna sem notuð eru í almennum bólusetningum á Íslandi fór síðast fram 1999 og hefur núverandi fyrirkomulag bólusetninga að mestu verið óbreytt síðan 2000. Samkvæmt útboðsgögnum frá 1999 er gert ráð fyrir að bóluefni sem notuð eru í almennum bólusetningum verði boðin út á nokkurra ára fresti og því tími kominn á nýtt útboð.

Síðastliðið sumar fór fram útboð á bóluefnum hér á landi og mun nýtt fyrirkomulag bólusetninga taka gildi 1. janúar 2007.

Eftirfarandi breytingar verða á bólusetningum hér á landi frá og með 1. janúar 2007:

- Ný nöfn verða á mörgum bóluefnanna en innihald þeirra er svipað og áður.
- Ekkert thiomersal verður í fimmgilda bóluefninu sem notað verður við þriggja, fimm og tólf mánaða aldur, en í Pentavac, sem notað hefur verið fram að þessu, mátti finna örlítið magn thiomersals.

- Bólusetning gegn kikhósta verður tekin upp við fjórtán ára aldur þegar gefin verður ein sprauta sem inniheldur dTaP, IPV (Boosterix Polio). Með þessu er verið að viðhalda ónæmi gegn kikhósta í þjóðfélaginu, minnka líkur á sýkingu hjá eldri einstaklingum og koma í veg fyrir smit hjá ungum börnum.

Fyrirkomulag almennra bólusetninga frá og með 1. janúar 2007 verður því eins og fram kemur í töflunni hér fyrir neðan.

Heilsugæslan er hvött til þess að birgja sig upp af eldri bóluefnum (Pentavac, dTakiBooster, Diftavax og Imovax Polio) fyrir áramótin 2006–2007 og klára þær birgðir sem nú þegar eru til í landinu á fyrstu mánuðum ársins 2007.

Frá og með 1. janúar 2007 verður einungis hægt að panta hin nýju bóluefni (hjá Parlogis) samkvæmt neðangreindu fyrirkomulagi.

Aldur	Innihald	Nafn	Framleiðandi
3, 5, 12 mán.	DTaP, Hib, IPV	Infanrix Polio Hib	GSK
6, 8 mán.	MCC	NeisVac-C	Baxter
18 mán, 12 ára	MMR	Priorix	GSK
5 ára	dTaP	Boosterix	GSK
14 ára	dTaP, IPV	Boosterix Polio	GSK

## SAMIÐ UM NEYÐARBIRGÐAHALD Á HLÍFÐARBÚNAÐI

Fyrr á þessu ári var skipaður faghópur um kröfúlýsingu vegna útboðs á hlífðarbúnaði til nota í heimsfaraldri influensu. Faghópurinn var skipaður fulltrúum frá Landbúnaðarstofnun, Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum, Landspítala - háskólasjúkrahúsi og sóttvarnalækni.

Í kjölfar útboðsins hafa verið undirritaðir samningar við níu innflutningsaðila um kaup og birgðahald, m.a. á 630.000 hlífðarsloppum, öndunargrímum, augnhlífum og hlífðarsvuntum. Þessi hlífðarbúnaður er ætlaður

heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem þurfa að sinna veiku fólki af völdum influensu eða vinna með sýkt dýr af völdum fuglainfluensu, s.s. fugla.

Hanskar voru ekki hluti af þessu útboði þar sem þegar er í gildi rammasamningur vegna hanska. Væntanlega verða hanskar boðnir út þegar núverandi samningar renna úr gildi á næsta ári.

Sóttvarnalæknir hefur eftirlit með þessum neyðarbirgðum og mun stjórna úthlutun þeirra samkvæmt sérstöku mati þegar á þarf að halda. Nú er unnið að gerð leiðbeinandi reglna þar um.


*Samíð hefur verið um kaup og birgðahald, m.a. á 630.000 hlífðarsloppum, öndunargrímum, augnhlífum og hlífðarsvuntum.*



Þegar það á við er notaður hlífðarbúnaður sem veitir fólki vörn frá hvírfli til ilja. Í heimsfaraldri influensu mun heilbrigðisstarfsfólk þó sjaldan þurfa á svo umfangsmiklum hlífðarklæðnaði að halda.



Hlífðarbúnaður er ætlaður jafnt fyrir þá sem sinna veiku fólki og hina sem vinna með sýkt dýr af völdum fuglainfluensu, s.s. fugla.



Í heimsfaraldri er mikilvægast að verjast smiti um öndunarveginn. Öndunargrímur með fínagnasíum, eins og á myndunum til vinstri, geta þá komið að gagni fyrir þá sem stunda sjúklinga. Þegar svo ber undir getur verið ráðlegt að verja andlitið með sérstakri andlitshlíf eða nota augnhlífar eins og á myndum til hægri.